

Hverfisráð Hríseyjar

167. fundur

Miðvikudaginn 7. febrúar 2024 kl. 20:30 var haldinn 167. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Narfi Freyr Narfason.

Dagskrá:

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi - Austurvegur 15-21

Málsnúmer: 2023011119

Hverfisráði barst póstur frá verkefnastjóra skipulagsmála þann 6. febrúar þar sem óskað var eftir umsögn frá hverfisráði vegna skipulagsbreytingar sem var í kynningu til 1. febrúar. Boðað var til fundar með hraði til að veita þá umsögn.

Hverfisráð fagnar öllum áformum um uppbyggingu í Hrísey. Í umsögn um þessa tillögu að deiliskipulagi á lóðunum í Austurvegi 15-21 sem Hverfisráð Hríseyjar skrifaði á 164. fundi þann 29. júní 2023 kom fram að þörf er á fjölbreyttu lóðaframboði í Hrísey og að við teljum ákjósanlegra að setja fullan kraft í skipulag á lausum lóðum í Miðbraut enda eru þegar fjölbýlishús í Miðbraut. Samþykkt hefur verið að í vetur verði unnin deiliskipulagsvinna á ódeiliskipulögðu svæði í íbúðarbyggð í eyjunni (ÍB25), m.a. í Miðbraut og ofan Miðbrautar. Teljum við að frekar en að samþykkja núna að breyta einbýlishúsalóðum í fjölbýlishúsalóðir í Austurvegi 15-21 ætti að vinna heildstæða breytingu á deiliskipulagi í Hrísey, gera skipulag fyrir svæði ÍB25 og þegar þær tillögur liggja fyrir má meta hvort þörf sé á því að klára þessar breytingar á deiliskipulagi eða hvort ætti að halda þessum lóðum áfram fyrir einbýlishús. Þó svo að skortur sé á húsnæði í Hrísey teljum við nauðsynlegt að hugsa vandlega allar breytingar til framtíðar og með heildstæðri tillögu að breytingum á deiliskipulagi teljum við að farsælli niðurstaða verði fengin. Hverfisráð óskar eftir að vera þátttakandi í þeirri vinnu og að haldinn verði íbúafundur með tillögum að breyttu skipulagi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:45.

Ingólfur Sigfússon
Júlía Mist Almarsdóttir
Narfi Freyr Narfason

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon